

STARFSREGLUR SAMGÖNGUSTOFU UM UPPLÝSINGAMIÐLUN ÚR ÖKUTÆKJASKRÁ

1. gr. *Ökutækjaskrá*

- 1.1. Lagageimildir:** Samgöngustofa annast skráningu í ökutækjaskrá, rekstur á ökutækjaskrá og hefur umsjón með aðgengi að upplýsingum úr ökutækjaskrá sbr. 7. gr. laga um Samgöngustofu, stjórnáslustofnun samgöngumála, nr. 119/2012 með síðari breytingum, 4. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 751/2003 með síðari breytingum og 3. gr. reglugerðar um starfshætti skráningarstofu nr. 79/1997. Við vinnslu upplýsinga í ökutækjaskrá skal farið að lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, með síðari breytingum, ásamt upplýsingalögum nr. 140/2012, með síðari breytingum.
- 1.2. Skráning í ökutækjaskrá:** Samgöngustofa annast skráningu ökutækja og aðra umsýslu varðandi skráningu ökutækja. Í ökutækjaskrá skal færa upplýsingar um ökutæki, eiganda þess og eftir atvikum umráðamann. Heimilt er að skrá fleiri atriði í ökutækjaskrá, meðal annars tæknilegar upplýsingar um ökutæki, upplýsingar um tryggingu, skoðun, opinber gjöld og feril ökutækis.
- 1.3. Rekstur á ökutækjaskrá:** Ökutækjaskrá er haldin rafrænt í tölvukerfi Samgöngustofu. Samgöngustofa annast rekstur skráarinnar, hönnun, þróun og notkun hennar í samræmi við reglur um ökutækjaskrá, ber ábyrgð á öruggri varðveislu gagna og forrita og ábyrgð á rekstraröryggi og viðvarandi aðgengi að skránni. Réttmæti og áreiðanleiki skráðra upplýsinga á verkswiði Samgöngustofu eru einnig á ábyrgð Samgöngustofu sem og rekjanleiki skráninga og samtenging við aðrar skrár.
- 1.4. Persónuupplýsingar:** Upplýsingar í ökutækjaskrá geta verið persónuupplýsingar. Með persónuupplýsingum er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.
- 1.5. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili:** Samgöngustofa er ábyrgðaraðili að ökutækjaskrá og skal ákveða tilgang með vinnslu upplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Vinnsluaðili er sá sem vinnur upplýsingar á vegum ábyrgðaraðila og miðlar þeim áfram til notenda. Með vinnslu er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með upplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.
- 1.6. Eftirlit:** Samgöngustofa skal hafa eftirlit með vinnslu upplýsinga úr ökutækjaskrá til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við starfsreglur þessar og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið. Samgöngustofa getur krafist þess að fá aðgang að tölvukerfum vinnsluaðila og fá afhent afrit af samningum og reikningum milli vinnsluaðila og viðtakanda upplýsinga til að ganga úr skugga um að farið sé að reglunum. Ef rökstuddur grunur er um misnotkun upplýsinga eða brot á starfsreglunum er Samgöngustofu heimilt að loka fyrir aðgang einstakra aðila og/eða innkalla útsendingarskrár ásamt því að grípa til annarra aðgerða í samræmi við alvarleika brots.
- 1.7. Starfsreglur:** Starfsreglur þessar um upplýsingamiðlun úr ökutækjaskrá hafa verið kynntar Persónuvernd.

2 gr.

Upplýsingamiðlun úr ökutækjaskrá

- 2.1 Aðgangur að ökutækjaskrá:** Samgöngustofa hefur umsjón með aðgengi að ökutækjaskrá. Einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum er heimill aðgangur að upplýsingum um einstök ökutæki úr ökutækjaskrá eins og nánar er kveðið á um í starfsreglum þessum. Miðlun upplýsinga um eigendur og umráðamenn ökutækja er háð lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Opinber birting upplýsinga úr ökutækjaskrá eða miðlun þeirra er óheimil nema með leyfi Samgöngustofu, enda komi þá jafnan fram hvaðan upplýsingarnar eru fengnar.
- 2.2 Upplýsingamiðlun Samgöngustofu:** Samgöngustofa annast miðlun upplýsinga til vinnsluaðila samkvæmt starfsreglum þessum. Samgöngustofa annast þó einnig miðlun þeirra upplýsinga sem eru án endurgjalds og útgáfu á vottorðum og mánaðarskýrslum eins og nánar er lýst í reglunum.
- 2.3 Upplýsingamiðlun vinnsluaðila:** Samgöngustofa veitir vinnsluaðila leyfi til að annast miðlun upplýsinga úr ökutækjaskrá, enda sýni hann fram á að hann geti uppfyllt þær öryggiskröfur sem gerðar eru til vinnsluaðila. Samgöngustofa þarf að samþykkja þá aðferð sem vinnsluaðili notar við miðlun upplýsinganna og skal ávallt koma fram að upplýsingarnar séu sóttar í ökutækjaskrá Samgöngustofu. Vinnsluaðili skal halda skrá og varðveita í tvö ár upplýsingar sem veittar eru úr ökutækjaskrá, rafrænan uppruna fyrirspurna, nafn þess er fær upplýsingarnar, þau skilyrði sem leitað er eftir og þær upplýsingar sem birtast í niðurstöðu.
- 2.4 Nafnleynd og úrtaksbann:** Samgöngustofa flytur upplýsingar úr bannskrá þjóðskrár við vinnslu upplýsingalista og einstaklingar og lögaðilar geta óskað nafnleyndar í ökutækjaskrá til að hindra notkun nafns síns í markaðssetningarstarfsemi og við upplýsingagjöf í síma. Sá sem óskar eftir nafnleynd skal framvísa beiðni um nafnleynd á eyðublaði hjá Samgöngustofu. Hafi nafnleyndar verið óskað eru upplýsingar um nafn aðila ekki veittar á tölvuskram, listum, límmiðum eða símleiðis. Þrátt fyrir nafnleynd eru veittar upplýsingar um nafn á eiganda ökutækis í þjónustuveri Samgöngustofu eða ef tölvupóstur er sendur Samgöngustofu þar sem tilgreind er fullnægjandi ástæða fyrir beiðninni og kennitala beiðanda gefin upp. Óskast beiðnin send á netfangið samgongustofa@samgongustofa.is.
- 2.5 Gjald fyrir upplýsingar:** Samgöngustofa innheimtir gjald fyrir upplýsingar, samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar sem aðgengileg er á heimasíðu stofnunarinnar.
- 2.6 Skrá yfir veittar upplýsingar:** Samgöngustofa skal halda skrá og varðveita í tvö ár upplýsingar sem veittar eru úr ökutækjaskrá, rafrænan uppruna fyrirspurna, nafn þess er fær upplýsingarnar, þau skilyrði sem leitað er eftir og þær upplýsingar sem birtast í niðurstöðu. Þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem Samgöngustofa veitir í síma.
- 2.7 Tímalengd á rafrænni geymslu veittra upplýsinga:** Notendum er heimilt að vista gögn í biðminni í allt að 12 tíma. Ætli þeir að gera svo verða þeir að upplýsa endanotendur sína um að gögnin stafi ekki beint frá Samgöngustofu heldur úr biðminni. Vinnsluaðilum er óheimilt að nýta þennan kost.

3. gr

Miðlun upplýsinga um ökutæki.

- 3.1 Uppflettingar í ökutækjaskrá:** Heimilt er að sækja upplýsingar í ökutækjaskrá eftir fastanúmeri, skráningarnúmeri og verksmiðjunúmeri ökutækis og miðla þeim upplýsingum sem lýst er í 7. gr. Samgöngustofa sendir upplýsingarnar á xml formi til vinnsluaðila sem miðlar þeim áfram til viðtakanda vinnsluaðila á því formi sem henta þykir. Viðtakanda er heimilt að nota upplýsingarnar í eigin þágu en er óheimilt að miðla þeim til þriðja aðila eða birta þær opinberlega nema með leyfi Samgöngustofu. Samgöngustofa annast miðlun upplýsinga til þeirra er fá upplýsingarnar án endurgjalds.
- 3.2 Upplýsingar á Mínú svæði:** Heimilt er að veita símleiðis upplýsingar um ökutæki eftir fastanúmeri, skráningarnúmeri og verksmiðjunúmeri. Þær upplýsingar sem heimilt er að miðla fyrir hvert ökutæki er lýst í 7. gr. Samgöngustofa veitir þessar upplýsingar án endurgjalds, en veitir þó ekki upplýsingar um fleiri en 5 ökutæki á hverjum sólarhring. Viðtakanda er heimilt að nota upplýsingarnar í eigin þágu en er óheimilt að miðla þeim til þriðja aðila eða birta þær opinberlega nema með leyfi Samgöngustofu.
- 3.3 Ferilskrá ökutækis:** Heimilt er að afhenda skýrslu um feril ökutækis í ökutækjaskrá. Vinnsluaðilar geta sótt ferilskrána með rafrænum hætti og miðlað henni til viðskiptavina sinna. Samgöngustofa annast útgáfu á vottorði um feril ökutækis í ökutækjaskrá, gegn gjaldi skv. gjaldskrá.
- 3.4 Sér samningar við ráðuneyti og ríkisstofnanir:** Samgöngustofa gerir sér samninga um aðgang að ökutækjaskrá við þau ráðuneyti og ríkisstofnanir er þurfa að nota slíkar upplýsingar til að gegna lögbundnu hlutverki sínu. Slíkur samningur er gerður á grundvelli lagaheimildar viðkomandi aðila og yfirlýsingar um að upplýsingarnar verði aðeins notaðar í þeim tilgangi að sinna hinu lögbundna hlutverki. Yfirlit yfir sér samninga kemur fram í 6. gr. reglnanna. Upplýsingar Samgöngustofu samkvæmt sér samningum þessum eru veittar án endurgjalds.
- 3.5 Kaupverð:** Á eyðublaði um tilkynningu um eigendaskipti að ökutæki og nýskráningarbeiðni ökutækja er reitur fyrir kaupverð ökutækja. Upplýsinganna er aflað vegna samstarfs Samgöngustofu og ríkisskattstjóra, og er kaupverð forskráð á skattframtöl einstaklinga og lögaðila. Upplýsingar um kaupverð eru háðar lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og eru engum aðgengilegar nema aðilum eigendaskiptanna/nýskráningarinnar sjálfum. Upplýsingar um kaupverð eru ekki veittar í síma. Samgöngustofa áskilur sér þó heimild til að nota upplýsingar um kaupverð í tölfraðilegum tilgangi, enda sé tryggt að kaupverð megi ekki rekja til einstakra aðila og/eða ökutækja.

4. gr.

Miðlun upplýsinga um ökutækjæign eigenda (umráðamanna).

- 4.1 Meginreglan um bann við upplýsingamiðlun:** Almennt er óheimilt að miðla upplýsingum um eignastöðu einstaklinga í ökutækjaskrá. Á meginreglunni eru nokkrar undanþágur sem er lýst hér að neðan.
- 4.2 Skráður eigandi:** Skráðum eiganda (umráðamanni) ökutækis er heimill aðgangur að því sem um hann og ökutækjæign hans er skráð í ökutækjaskrá. Einstaklingar sem óska eftir upplýsingum um sína eign skulu sanna á sér deili með framvísun persónuskilríkja eða rafrænni auðkenningu. Ef annar en eigandi óskar eftir upplýsingum fyrir hönd eiganda skal hann framvísa undirrituðu og vottuðu umboði frá eiganda og sanna á sér deili með framvísun persónuskilríkja eða rafrænni auðkenningu.
- 4.3 Lögmenn og skiptastjórar:** Heimilt er að miðla upplýsingum um eignastöðu aðila til lögmanns í innheimtustarfsemi sem hefur verið falið að innheimta kröfu á hendur þeim sem upplýsinga er óskað um og heimilt er að gera aðför til fullnustu þeirri kröfu, skv. 1. gr. aðfaralaga nr. 90/1989. Á sama hátt er heimilt að miðla upplýsingum um eignastöðu aðila til lögmanns í skiptastarfsemi sem hefur verið skipaður skiptastjóri í þrotabúi eða dánarbúi þess sem upplýsinga er óskað um með úrskurði héraðsdóms. Áður en heimilt er að veita upplýsingarnar skal lögmaður undirrita yfirlýsingu um að upplýsinganna verði aðeins leitað og þær notaðar þegar slíkt er heimilt samkvæmt ofansögðu.
- 4.4 Fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir:** Heimilt er að miðla upplýsingum um eignastöðu aðila til fjármálafyrirtækis sem hefur starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, þó einungis þegar viðkomandi aðili hefur þegar veitt upplýst og sannanlegt samþykki fyrir slíku. Með sömu skilyrðum er heimilt að miðla upplýsingum um eignastöðu aðila til lífeyrissjóðs. Áður en heimilt er að veita upplýsingarnar skal fyrirvarsmaður fjármálafyrirtækis/lífeyrissjóðs undirrita yfirlýsingu um að upplýsinganna verði aðeins leitað og þær notaðar þegar slíkt er heimilt samkvæmt ofansögðu. Fjármálafyrirtæki/lífeyrissjóður skal tilkynna vinnsluaðila um hvaða starfsmenn muni hafa heimild til að nýta þann aðgang. Einungis skal veita þeim starfsmönnum heimild til að nýta aðganginn sem á honum þurfa að halda vegna eðli starfs síns. Skal fjármálafyrirtæki/lífeyrissjóður tryggja að starfsmenn með slíka heimild kunni skil á þeim reglum sem um nýtingu aðgangsins gilda. Vinnsluaðili skal hafa virkt eftirlit með því að fjármálafyrirtæki/lífeyrissjóður uppfylli skilyrði þessa ákvæðis.
- 4.5 Opinberir aðilar:** Heimilt er að miðla upplýsingum um eignastöðu aðila til opinberra aðila ef til þess stendur sérstök lagaheimild. Áður en heimilt er að afhenda upplýsingarnar skal sá sem hefur til þess heimild fyrir hönd hins opinbera aðila undirrita yfirlýsingu um að upplýsingarnar verði aðeins notaðar þegar slíkt er heimilt og skal tilgreina lagaheimild.
- 4.6 Aðferðir við miðlun upplýsinga um eignastöðu aðila:**
- 4.6.1. Vottorð um ökutækjæign:** Samgöngustofa gefur út vottorð um ökutækjæign til aðila sem getur sýnt fram á heimild samkvæmt ofansögðu.
- 4.6.2. Yfirlýsing um notkun:** Vinnsluaðila er heimilt að veita viðskiptavinum sínum upplýsingar um eignastöðu sína í ökutækjaskrá með aðgangi í áskrift eða með stökum uppflettingum, enda uppfylli fyrirspyrjandi skilyrði samkvæmt ofansögðu. Áður en upplýsingar eru veittar

STARFSREGLUR SAMGÖNGUSTOFU
UM UPPLÝSINGAMIÐLUN ÚR ÖKUTÆKJASKRÁ

skal vinnsluaðili senda Samgöngustofu afrit samnings (umsóknar) sem skal innihalda upplýsingar um fyrirspyrjanda, undirritaða yfirlýsingu fyrirspyrjanda þar sem þess er þörf og staðfestingu vinnsluaðila á heimild fyrirspyrjanda. Samgöngustofa þarf að staðfesta heimild til aðgangs að kennitöluupplýsingum áður en upplýsingarnar eru veittar.

- 4.6.3. Sérsmningar við ráðuneyti og ríkisstofnanir:** Samgöngustofa gerir sérsmninga um aðgang að ökutækjaskrá við þau ráðuneyti og ríkisstofnanir er þurfa að nota slíkar upplýsingar til að gegna lögbundnu hlutverki sínu, sbr. 6. gr. reglnanna. Slíkir smningar eru gerðir á grundvelli lagaheimildar viðkomandi aðila og yfirlýsingar um að upplýsingarnar verði aðeins notaðar í þeim tilgangi að sinna hinu lögbundna hlutverki. Upplýsingar samkvæmt sérsmningum þessum eru veittar án endurgjalds.
- 4.6.4. Upplýsingar á vefnum:** Samgöngustofa miðlar upplýsingum til einstaklinga um ökutækjæign þeirra í gegnum þjónustuveitu á vefnum, enda liggi fyrir rafræn undirskrift einstaklingsins. Upplýsingarnar eru veittar án endurgjalds.

5. gr.

Sérvinnsur og tölfræði

- 5.1 Eigendalistar:** Heimilt er að veita upplýsingar um hópa eigenda og umráðamanna ökutækja með afhendingu tölvuskráa, prentaðra lista og límmiða. Viðtakandi skal sanna á sér deili, eftir atvikum með framvísun persónuskilríkja. Leitarskilyrði við vinnsluna mega aðeins vera þær upplýsingar sem eru tilgreindar með opinn aðgang í 7. gr. Upplýsingar sem birtast í niðurstöðu mega aðeins vera nöfn, heimilisföng og póstnúmer aðila og upplýsingar sem eru með opinn aðgang. Þó mega aldrei fara saman upplýsingar um fastanúmer, skráningarnúmer og verksmiðjunúmer annars vegar og nöfn, heimilisföng eða póstnúmer hins vegar þegar um einstaklinga er að ræða. Skyld er að fram komi á áberandi stað í útsendu efni að því sé dreift samkvæmt skrá útgefinni af Samgöngustofu og að þeir sem kynnu að óska eftir því að losna undan slíkum sendingum framvegis geti óskað eftir því að fá nafnleynd í ökutækjaskrá. Viðtakanda er heimilt að nota upplýsingarnar í eigin þágu, en óheimilt er að miðla þeim til þriðja aðila eða birta opinberlega nema með leyfi Samgöngustofu.
- 5.2 Ökutækjalistar:** Heimilt er að veita upplýsingar um hóp ökutækja með afhendingu prentaðra lista og/eða tölvuskráa. Viðtakandi skal sanna á sér deili, eftir atvikum með framvísun persónuskilríkja. Leitarskilyrði við gerð listanna og þær upplýsingar sem birtast í niðurstöðu mega aðeins vera upplýsingar sem eru tilgreindar með opinn aðgang í 7. gr. Viðtakanda er heimilt að nota upplýsingarnar í eigin kerfum í eigin þágu, en óheimilt er að miðla þeim til þriðja aðila eða birta opinberlega nema með leyfi Samgöngustofu.
- 5.3 Staðlaðar markaðstölur:** Heimilt er að afhenda staðlaðar markaðstölur sem Samgöngustofa gefur út á rafrænu formi vikulega, mánaðarlega og árlega. Upplýsingarnar innihalda engin auðkenni eigenda, umráðamanna eða ökutækja. Viðtakanda er heimilt að nota upplýsingarnar til birtingar í eigin kerfum í eigin þágu, en óheimilt er að miðla þeim til þriðja aðila eða birta opinberlega nema með leyfi Samgöngustofu.
- 5.4 Sérniðið tækniáfrít:** Heimilt er að veita tækniupplýsingar um ökutæki með því að afhenda sérniðið tækniáfrít af ökutækjaskrá sem inniheldur upplýsingar um ökutæki á þeirri stundu er áfrítið er tekið. Beiðni um sérniðið tækniáfrít verður að berast Samgöngustofu bréflaga og er háð samþykki Samgöngustofu hverju sinni. Veiti Samgöngustofa heimild til notkunar verður beiðandi að undirrita yfirlýsingu um notkun og meðferð upplýsinganna. Heimilt er að nota upplýsingarnar til birtingar í eigin kerfum viðtakanda, til uppfléttinga í eigin þágu og til sérvinnslu upplýsinga í eigin þágu. Ekki má miðla upplýsingunum til þriðja aðila eða annast sérvinnslu fyrir þriðja aðila, nema með leyfi Samgöngustofu.

STARFSREGLUR SAMGÖNGUSTOFU
UM UPPLÝSINGAMIÐLUN ÚR ÖKUTÆKJASKRÁ

- 5.5 Tölfræðiupplýsingar:** Samgöngustofa birtir opinberlega tölfræðilegar upplýsingar úr ökutækjaskrá í tengslum við starfsemi hennar við skráningu ökutækja og umferðaröryggi almennt. Í slíkum upplýsingum koma ekki fram auðkenni eigenda, umráðamanna eða ökutækja. Samgöngustofa gefur út og selur bifreiðatölur mánaðarins í skýrsluformi skv. gjaldskrá. Bifreiðatölur mánaðarins eru hluti af hagtölum Hagstofu Íslands.
- 5.6 Sérstakar heimildir:** Heimilt er að veita upplýsingar umfram það sem reglurnar heimila ef lagaheimild stendur til þess og skal þá vísa sérstaklega í heimildarlög. Aðeins skulu veittar upplýsingar sem lagaheimild er fyrir og notkun viðtakanda má aðeins vera sú sem lög heimila. Heimilt er að vinna sérvinnslur út frá upplýsingasvæðum sem sækja upplýsingar í önnur upplýsingakerfi með leyfi frá ábyrgðaraðila viðkomandi upplýsingakerfa. Samgöngustofa áskilur sér rétt til að hafna sérvinnslum telji stofnunin tilefni til þess.

6.gr.

Ökutækjaskrá tengist eftirfarandi skráum samkvæmt sérsamningum þar um.

- 6.1. Þjóðskrá:** Upplýsingar um nöfn og heimilisföng eigenda og umráðamanna eru sóttar í þjóðskrá. Breytingar eru sóttar með runuvinnslu í þjóðskrá á hverju kvöldi.
- 6.2. Tekjubókhald ríkisins:** Tekjubókhaldskerfið sækir upplýsingar í ökutækjaskrá vegna álagningar á opinberum gjöldum. Ökutækjaskrá sækir upplýsingar um álögð opinber gjöld í tekjubókhaldskerfi ríkisins við skráningu og vinnslu upplýsinga úr ökutækjaskrá.
- 6.3. Tollakerfi:** Tollakerfin sækja upplýsingar um forskráð ökutæki í ökutækjaskrá. Ökutækjaskrá sækir upplýsingar um það hvort ökutæki hefur verið tollafgreitt í tölvukerfi tollstjóra.
- 6.4. Tölvukerfi Tryggingastofnunar ríkisins:** Tryggingastofnun sækir upplýsingar í ökutækjaskrá um ökutækjæign aðila við útreikning á bílastyrk og eftirlit með ökutækjæign styrkþega.
- 6.5. Þinglýsingakerfi:** Þinglýsingakerfi ökutækja sækir upplýsingar um eigendur í ökutækjaskrá við þinglýsingu. Ökutækjaskrá sækir upplýsingar um það hvort veðbönd hvíla á ökutæki í þinglýsingakerfi við uppflettingar og vinnslur úr ökutækjaskrá.
- 6.6. Álestraskrá (Trukkur):** Ríkisskattstjóri sækir upplýsingar í ökutækjaskrá við skráningu álestra af ökutækjum sem greitt er samkvæmt akstursmæli. Ökutækjaskrá sækir upplýsingar um álestra og stöðu akstursmælis við skráningu og vinnslu álestraskrá.
- 6.7. Ríkisskattstjóri:** Ríkisskattstjóri sækir upplýsingar í ökutækjaskrá í tengslum við álagningu opinberra gjalda og skattaeftirlit.
- 6.8. Ríkislögreglustjóri:** Lögreglukerfið sækir upplýsingar í ökutækjaskrá í tengslum við mál sem eru til meðferðar hjá lögreglunni.
- 6.9. NorType:** Ökutækjaskrá sækir upplýsingar í NorType, sameiginlega skrá skráningaryfirvalda í Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð yfir heildargerðarviðurkennd ökutæki.
- 6.10. Slysaskrá:** Slysaskrá Samgöngustofu sækir tækniupplýsingar um ökutæki í ökutækjaskrá við skráningu slysa. Ökutækjaskrá sækir upplýsingar um það hvort skráð hefur verið slys á ökutæki í slysaskrá við uppflettingu og vinnslu í ökutækjaskrá.

STARFSREGLUR SAMGÖNGUSTOFU
UM UPPLÝSINGAMIÐLUN ÚR ÖKUTÆKJASKRÁ

7. gr.

Um þær upplýsingar sem færðar eru í ökutækjaskrá.

Tegund svæðis	Svæði	Uppruni	Aðgangur
Auðkenning ökutækis	Fastanúmer	Útdeilt af SGS	Opinn
	Skráningarnúmer	Útdeilt af SGS/ valið	Opinn
	Verksmiðjunúmer	Frá framleiðanda	Opinn
	Gerðarnúmer	Frá framleiðanda	Opinn
	Gerðarviðurkenningarnúmer	Ákvarðað af SGS	Opinn
	Gerðarviðurkenningarviðbót	Ákvarðað af SGS	Opinn
Lýsing ökutækis	Tegund	Frá framleiðanda	Opinn
	Undirtegund	Frá framleiðanda	Opinn
	Litur	Frá framleiðanda	Opinn
Dagsetningar	Framleiðsluár	Frá framleiðanda	Opinn
	Árgerð	Frá framleiðanda	Opinn
	Forskráningardagur	Ákvarðað af SGS	Opinn
	Tollafgreiðsludagur	Frá tölvukerfi tollstjóra	Takmarkaður*
	Fyrsti skráningardagur	Frá skráningaryfirvöldum.	Opinn
	Nýskráningardagur	Ákvarðað af SGS	Opinn
	Afskráningardagur	Ákvarðað af SGS	Opinn
	Endurskráningardagur	Ákvarðað af SGS	Opinn
	Skráning eiganda	Ákvarðað af SGS	Opinn
	Kaupdagsetning	Ákvarðað af SGS	Opinn
	Móttökudagsetning eigendaskiptatilk.	Ákvarðað af SGS	Opinn
Skráning úr umferð	Skráning úr umferð	Ákvarðað af SGS	Opinn
	Skráning í umferð	Ákvarðað af SGS	Opinn
Innflytjandi og framleiðandi	Framleiðandi	Frá framleiðanda	Opinn
	Framleiðsluland	Frá framleiðanda	Opinn
	Kennitala innflytjanda	Frá framleiðanda	Takmarkaður*
	Nafn innflytjanda	Frá framleiðanda	Takmarkaður*
Skráningarupplýsingar	Ökutækisflokkur	Skv. reglugerð Skv.	Opinn
	Undirökutækisflokkur	reglugerð Skv.	Opinn
	Notkunarflokkur	reglugerð Skv.	Opinn
	Staða við skráningu (innflutningsástan	reglugerð Skv.	Opinn
	Tegund skráningar	reglugerð	Opinn
	Umferðarskráning (skráning í/úr umferð	Reglugerð / eigandi	Opinn
	Slysaskráning (Já / Nei)	Slysaskrá	Opinn
	Breytt bifreið (Já / Nei)	Frá skoðunarstofu	Opinn
Torfærubifreið (Já / Nei)	Frá skoðunarstofu / skráningargögn	Opinn	
Skráningarmerki	Skráningarflokkur	Skv. reglugerð	Opinn
	Plötugerð að framan	Reglugerð / eigandi	Opinn
	Plötugerð að aftan	Reglugerð / eigandi	Opinn
	Númerastaða	Ákvarðað af SGS	Opinn
Landskerfi **	Tryggingafélag**	Frá tryggingafélögum	Takmarkaður *
	Staða tryggingar: (Í lagi / Ótryggt)**	Frá tryggingafélögum	Opinn
	Fyrsti skattflokkur	Reglur frá RSK	Takmarkaður *
	Skattflokkur**	Frá álestrakerfi RSK	Takmarkaður *
	Álagt bifreiðagjald **	Frá tekjubókhaltdskerfi	Takmarkaður *
	Álagður þungaskattur **	Frá tekjubókhaltdskerfi	Takmarkaður *
	Álagt vörugjald **	Frá tekjubókhaltdskerfi	Takmarkaður *
	Álestursdagur **	Frá álestrakerfi RSK	Takmarkaður *
	Álestursstaða ökumælis **	Frá álestrakerfi RSK	Takmarkaður *
Þinglýst veð ? (J/N) **	Frá þinglýsingakerfi	Takmarkaður *	
Eigendur /umráðamenn	Kennitala	Frá eiganda / umráðamanni	Takmarkaður *
	Nafn **	Úr þjóðskrá	Takmarkaður *
	Heimilisfang **	Úr þjóðskrá	Takmarkaður *
	Póstnúmer **	Úr þjóðskrá	Opinn
	Staður**	Úr þjóðskrá	Opinn

STARFSREGLUR SAMGÖNGUSTOFU
UM UPPLÝSINGAMIÐLUN ÚR ÖKUTÆKJASKRÁ

	Númer eiganda / umráðamanns Kóði tryggingafélags kaupanda Kaupverð	Ákvarðað af SGS Frá kaupanda Frá kaupanda/seljanda	Opinn Takmarkaður* Takmarkaður*
--	--	--	---------------------------------------

* Takmörkun á heimild til að veita upplýsingar. / ** Svæði sótt í aðra opinbera skrá og birt í ökutækjaskrá

Tegund svæðis (frh.)	Svæði (frh.)	Uppruni (frh.)	Aðgangur (frh.)
Gölluð eigendaskipti	Kaupdagsetning Kennitala kaupanda Kóði tryggingafélags kaupanda	Frá eiganda / kaupanda Frá eiganda / kaupanda Frá eiganda / kaupanda	Takmarkaður Takmarkaður Takmarkaður
Skoðun ökutækis	Skoðunarstöð Tegund skoðunar Niðurstaða skoðunar Dagsetning skoðunar Staða ökumælis Skoðunarmaður Dæmingaratriði Niðurstaða dæmingar Næsta aðalskoðun	Frá skoðunarstofu Frá skoðunarstofu Frá skoðunarstofu Frá skoðunarstofu Frá skoðunarstofu Frá skoðunarstofu Frá skoðunarstofu Frá skoðunarstofu Frá skoðunarstofu	Takmarkaður * Opinn Opinn Opinn Opinn Takmarkaður * Opinn Opinn Opinn
Tjónaskráning	Tjónabifreið Viðgerð tjónabifreið	Tilkynning / Erlend tjónagögn Verkstæði	Opinn Opinn
Athugasemdir	Staðlaðar athugasemdir Sérstakar athugasemdir	Ákvarðað af SGS Ákvarðað af SGS	Opinn Opinn
Ökutæki í athugun	Breytingalás Eftirlýst Eigendaskipti í bið	Ákvarðað af SGS / Frá tollstjóra Frá lögreglu Ákvarðað af SGS	Takmarkaður * Opinn Takmarkaður *
Tæknilegar upplýsingar	Eiginþyngd Heildarþyngd Heildarþyngd ása Leyfð þyngd óhemlaðs eftirvagns Leyfð þyngd hemlaðs eftirvagns Lengd Breidd Vélargerð Hjólbarðastærð Farþegar hjá ökumanni Farþegafjöldi Vélarnúmer Orkugjafi Afl vélar Slagrými Sætafjöldi Felgustærð Gerð sérbúnaðar Gerð yfirbyggingar	Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda Frá framleiðanda	Opinn Opinn Opinn Opinn Opinn Opinn Opinn Opinn Opinn Opinn Opinn Opinn Opinn Opinn Opinn Opinn Opinn Opinn Opinn

* Takmörkun á heimild til að veita upplýsingar. / ** Svæði sótt í aðra opinbera skrá og birt í ökutækjaskrá